

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella

17.05.2021
2021-04-64/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028

Landsneti barst þann 16. apríl 2021 beiðni um að veita umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028. Umsagnafrestur er til 14. maí 2021. Um er að ræða breytingar vegna íbúðarsvæða á Gaddstöðum, Þjóðólfshaga og Litli Klofa, akstursíþróttarsvæðis við Helli, vatnsverndar í Landsveit og verslunar og þjónustu við Borgarbraut í Þykkvabæ.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Í skipulagslýsingunni eru sýnd þau svæði sem fyrirhugaðar breytingar ná til. Íbúðarsvæðin á Gaddstöðum, Þjóðólfshaga og Litli Klofa og verslunar- og þjónustusvæðið við Borgarbraut í Þykkvabæ liggja ekki nærri flutningskerfi Landsnets.

Gert er ráð fyrir breytingum á mörkum milli grann- og fjarsvæða vatnsverndarsvæðis við Tvíbytnulæk og Kerauga í Landsveit. *Búrfellslína 2* liggur um svæðið en Landsnet telur að breytingarnar hafi engin áhrif á rekstur hennar.

Fyrirhugað akstursíþróttarsvæði liggur norðan Suðurlandsvegar skammt sunnan Helli. Fyrirhugað er að breyta landnotkun á um 15 ha svæði úr skógræktar- og landgræðslusvæði í íþróttasvæði, m.a. fyrir akstursíþróttir auk afþreyingarstarfsemi s.s. litboltavelli. Endurskilgreina þarf reiðleiðir sem liggja um svæðið. Einnig er gert ráð fyrir skjólbeltum/mönnum til að draga úr hljóð- og áskýndaráhrifum. Nákvæm lega eða útfærsla er ekki tilgreind. Landnet bendir á að *Hellulína 2*, sem er 66 kV jarðstrengur, liggur meðfram Suðurlandsvegi á þessu svæði. Skipulag svæðisins þarf að taka mið af legu háspennustrengsins. Ef strengurinn liggur innan skipulagssvæðisins þarf að gera grein fyrir þeim kvöðum sem gilda um öryggissvæði hans.

Áhrifasvæði jarðstrengs miðast við öryggissvæði, en ekki er um formlegt helgunarsvæði að ræða. Öryggissvæðið tekur mið af skurðbreidd strengs og innan þess eru allar framkvæmdir bannaðar. Utan við öryggissvæðið þarf svæði til hvorrar hliðar, svokallað athafnasvæði, þar sem nauðsynlegar framkvæmdir eru heimilar í nánú samráði við Landsnet, meðal annars gróðursetning trjáplantna. Nauðsynlegt er að tryggja greiðan aðgang að strengjum vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna.

Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð* sem er að finna á heimasíðu Landsnets.¹

¹ <https://www.landsnet.is/library/Skiol/FramkvAemdir/H%C3%A1spennul%C3%ADnur-A%C3%B0g%C3%A1t-skal-h%C3%B6f%C3%B0.pdf>

Landsnet leggur áherslu á að þegar kemur að hönnun svæðisins verði haft samráð við fyrirtækið varðandi möguleg svæði í nálægð við strenginn. Einnig er lögð áhersla á að allar verklegar framkvæmdir í nágrenni strengsins verði í fullu samráði við Landsnet.

Að öðru leyti gerir Landsnet ekki athugasemdir við auglýsta skipulagslýsingu.

Virðingarfyllt

Jórunn Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri á Stjórnunarsviði

Jórunn Gunnarsdóttir